

## 1145. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 9. mars 2016, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

**Mætt voru:** Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

**Gestir fundarins voru:** Pálína Árnadóttir og Pétur Hansson endurskoðendur hjá Deloitte ehf. og Hildur Mósesdóttir félagslega kjörinn skoðunarmaður reikninga.

Áður en gengið var til formlegrar, og áður kynntrar dagskrár, óskaði Ólafía Björk eftir samþykki fundarmanna fyrir breytingu á auglýstri dagskrá á þann veg að 3. dagskrárliður fjallaði nú um leiguíbúðafélag og liðurinn um stöðu kjaramála yrði því nr. 4 og aðrir töluliðir þar á eftir myndu breytast samkvæmt því.

Samþykkt.

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð 1144. stjórnarfundar lögð fram til samþykktar

Ólafía Björk lagði fundargerð 1144. stjórnarfundar fram til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

#### 2. Ársreikningur 2015

Stefán lagði fram skjalið „Ársreikningur VR 2015“ og fór yfir efni þess á skjá. Í máli hans um afkomu ársins 2015 kom m.a. fram að tekjur hafi aukist um 8,73% milli ára, gjöld hafi aukist um 13,2%, fjármagnsliðir hækkað um 100% og hreinar tekjur til ráðstöfunar hækkuðu um 35,2% og voru 841 milljón kr. árið 2015.

Varðandi bætur og styrki þá hækkuðu þær greiðslur um 132 milljónir kr. og greiðslur úr varasjóði hækkuðu um 40 milljónir kr.

Þá fór Stefán yfir helstu lykiltölur VR 2015 þar sem kom m.a. fram að fjöldi félagsmanna væri nú 31.203 sem er 2,7% fjölgun frá árinu 2014. Athyglisvert er hve félagsmenn eru nú í mun meira mæli að afgreiða sig sjálfir með rafrænum hætti og má sjá þess merki í því að afgreiðslum á skrifstofu fækkar um 20,5%, símtölum fækkar um 3,6% en á móti fjölgi heimsóknnum á [www.vr.is](http://www.vr.is) um 50% og póstum á [vr@vr.is](mailto:vr@vr.is) fjölgar um 15,5%.

Næst ræddi hann lykiltölur á hvern félagsmann þar sem má nefna t.d. að hver félagsmaður hringir að meðaltali tvisvar á ári til félagsins og heimsækir heimasíðu VR 7,5 sinnum á ári.

Þessu næst fór Stefán yfir rekstrartekjur en tekjur aukast um 246 milljónir kr. á milli ára þar sem iðgjaldatekjur aukast um 8,9%. Sagði hann svo frá skiptingu iðgjalda og því næst kom yfirlit yfir rekstrargjöld en segja má að iðgjöld og skattar aukist í takt við hækkun iðgjalda í félagssjóð milli árunna 2014 og 2015. Aukning er á útgreiðslu sjúkradagpeninga og greiðslna úr VR varasjóði og einnig er aukning í rekstri orlofshúsa og vegna meiri sölu gjafabréfa flugfélaganna. Ýmsar aðrar skýringar eru á hækkun m.a. komu út 5 VR blöð í stað 4 árið 2014 og svo voru haldnar 3 kosningar árið 2015 í stað tveggja árið á undan. Rekstrargjöld alls voru 2,8 milljarðar kr. sem er aukning um 330 milljónir kr. milli ára.

Næst fór Stefán nokkuð ítarlega yfir skiptingu sjúkradagpeninga þar sem fyrst og fremst er aukning í sjúkdómaflokkum geð- og stoðsjúkdóma eins og verið hefur síðustu ár en þar er fyrst og fremst um að ræða fjölgun bótaþega fremur en hækkun fjárhæða til útgreiðslu. Hlutfall sjúkradagpeninga af sjúkrasjóðsiðgjöldum er nú komið uppí 63,8% og það er með því hæsta sem við höfum séð utan hrunárið 2009 þegar hlutfallið fór í 69,1%.

Varðandi VR varasjóð þá voru greiddar út 527 milljónir kr. sem er 8,1% aukning frá fyrra ári og fengu 2% fleiri félagsmenn útgreitt en að jafnaði fær hver félagsmaður greiddar 30.350 kr. útgreitt úr VR varasjóði. Eins og áður voru langflestar greiðslur vegna forvarna/líkamsræktar eða 73,1%.

Stefán skýrði nú fjármagnsliði en nafnávöxtun á sjóðum félagsins var 7,75% og raunávöxtun 5,64% þannig að fjármagnsliðir alls voru 606 milljónir kr. sem er hækkun um 303 milljónir kr. frá árinu 2014.

Þá skýrði Stefán þróun ávöxtunar eignasafns VR þar sem helstu skýringar voru þær að ávöxtun á skuldabréfasafni sé hækkandi en lækkun var á ávöxtunarkröfu á árinu 2015 en einnig mikil hækkun innlendra hlutabréfa á árinu. Varðandi fjárfestingastefnu VR þá er hún óbreytt en þetta er varfærin stefna þar sem 79% fjárfestinga eru í skuldabréfum með ábyrgð ríkisins en VR á nú 9,1 milljarð króna í verðbréfum og verðbréfasjóðum þar sem skuldabréf eru 68,7%, hlutabréf 20,7% og innlán 10,6%.

Varðandi efnahagsreikning þá eru eignir VR nú 10,3 milljarðar króna sem er aukning um 652 milljónir kr. milli ára. Eignfærslur á árinu 2015, sem ekki var gjaldfært, voru samtals 13,5 milljónir kr. í félagssjóði en 20,7 milljónir kr. í orlofssjóði. Stefán skýrði svo skuldir og eigið fé en eiginfjárlutfall er 98,8%.

Fór Stefán næst yfir helstu tölur rekstrarreikninga sjóða VR þar sem kom m.a. fram að viðsnúningur frá taprekstri sjúkrasjóðs heldur áfram árið 2015 þar sem er 18 milljón kr. rekstrarhagnaður sem er ánægjuefni.

Í ársreikningi nú er gerð tillaga um að framlag í VR varasjóð vegna ársins 2015 verði 550 milljónir kr. og til viðbótar aukaframlag vegna ársins 2014 kr. 8.792.286. Skipting upphæða sé eins og árið á undan þ.e. 76% komi úr sjúkrasjóði og 24% úr orlofssjóði.

Umræður.

Þá tóku til máls gestir fundarins þau Pálína Árnadóttir og Pétur Hansson endurskoðendur hjá Deloitte ehf. og lögðu fram skjalið „*VR endurskoðunarskýrsla*“ dags. 6. mars 2016 og fór yfir efni þess á skjá. Pálína sagði að áritun þeirra á ársreikning 2015 sé án fyrirvara og tók fram að þau hefðu átt mjög ánægjuleg samskipti við starfmenn VR og allt gengið snuðrulaust.

Fyrst fór hún yfir lykiláhættur þar sem áhættuþættirnir höfðu verið skilgreindir miðað við mikilvægi og flækjustig. Samkvæmt því var mest áhætta fólgin í mati og tilvist verðbréfa en minni áhætta í öðrum þáttum svo sem sjúkra- og varasjóðsgreiðslum, tekjuskráningu o.þ.h. Fór hún svo yfir helstu atriði úr endurskoðuninni þ.e. verðbréf og verðbréfasjóði, félagsgjöld og iðgjöld, einnig vara- og sjúkrasjóð, eftirlitsþætti upplýsingatækni og breytingar á reikningsskilum. Við yfirferð gera þau þá einu athugasemd að lagt er til að til staðar sé formleg skjölun á prófunum breytinga í tölvukerfum VR. Engar aðrar athugasemdir eru gerðar og allar prófanir voru í samræmi við settar reikningsskilareglur og reglur félagsins. Við vinnu þeirra komu heldur ekki fram neinar vísbendingar um sviksemi og engar skekkjur fundust heldur við endurskoðun.

Þegar stjórn hefur staðfest ársreikning VR hér á eftir munu þau árita hann og er það þeirra álit að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2015, efnahag þess þann 31.12 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015 í samræmi við lög um ársreikninga.

Umræður.

Þá tók til máls Hildur Mósesdóttir, einn gesta fundarins og annar félagslega kjörinna skoðunarmanna og sagði að skoðunarmenn hafi farið yfir ársreikning og geri þau engar athugasemdir.

Að loknum umræðum var ársreikningur samþykktur og undirritaður af stjórn.

Ólafía Björk þakkaði þá næst gestum fundarins fyrir komuna, vinnu þeirra og innlegg en þau viku þar næst af fundi kl. 18:30.

### 3. Leiguíbúðafélag

Bjarni Þór sagði nú frá vinnu sem m.a. húsnæðisnefnd VR hefur tekið þátt í þar sem stefnt er að því að ASÍ stofni almennt íbúðafélag sem sjálfseignastofnun þegar Alþingi hefur afgreitt frumvarp félags- og húsnæðismálaráðherra um almennar íbúðir. Kjarnastarfsemi þessa íbúðafélags skal vera að byggja, kaupa, leigja, stjórna, viðhalda og endurbyggja leiguíbúðir og verður félagið skipulagt á grundvelli virks íbúalýðræðis. Verður þetta samstarfsverkefni stéttarfélaganna og íbúanna.

Búið er að stilla upp viljayfirlýsingu um þetta samstarf sem tekur til þess að Alþýðusambandið vinni að stofnun og fjármögnun uppbyggingar eitt þúsund leiguíbúða á næstu fjórum árum.

Að Reykjavíkurborg gefi vilyrði um úthlutun á lóðum þannig að árið 2016 verði úthlutað lóðum fyrir 150 íbúðir, 250 íbúðir árið 2017, 300 íbúðir árið 2018 og 300 íbúðir árið 2019. Í viljayfirlýsingunni kemur fram að Reykjavíkurborg lýsir yfir vilja til þess að úthluta lóðum árið 2016 að Urðabrunni, Móavegi og Nauthólsvegi.

Varðandi fjármögnun íbúðanna er gert ráð fyrir að 18% séu stofnframlög frá ríki, 12% stofnframlög frá sveitarfélögum og 70% í formi lánsfjármagns. Í rekstaráætlun kemur fram að gert er ráð fyrir tapi fyrstu þrjú árin en síðan hagnaði.

Einnig kemur fram að lýst er yfir vilja til þess að skipa verkefnisstjórn þriggja fulltrúa ASÍ og þriggja frá Reykjavíkurborg. Alveg sé svo ljóst að forsendur fyrir þessu öllu er að Alþingi samþykki frumvarp til laga um almennar íbúðir og breytist frumvarpið mikið í meðförum Alþingis eða hafi það ekki hlotið staðfestingu innan eins árs frá undirskrift viljayfirlýsingarinnar þá er báðum aðilum heimilt að afturkalla yfirlýsinguna.

Ólafía Björk tók nú til máls og fór nánar yfir þær lóðir sem Reykjavíkurborg leggur til og breytingar á deiliskipulagi vegna þessarra væntanlegu bygginga. Ljóst sé að VR og Efling verða að ýta þessu verkefni af stað. Þetta er mikið hagsmunamál fyrir okkar félagsmenn og gott framfaraskref. Gert er ráð fyrir að fyrst sé ráðið í 2,1 stöðugildi og síðan 6,5 stöðugildi og við munum eiga áfram fulltrúa í þessu verkefni öllu. Ef við samþykkjum að fara í þetta og undirrita viljayfirlýsinguna þá þarf VR að leggja til fé 50 – 60 milljónir króna í formi víkjandi láns sem endurgreitt verður á fjórða ári verkefnisins þegar það er orðið arðbært. Þetta er bara byrjunin því auðvitað er þörf á miklu fleiri íbúðum. Það væri góð gjöf á 100 ára afmæli ASÍ ef við færum nú í þetta á þessum tímamótum.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ólafía Björk upp þá tillögu sína að VR legði til þetta fé og undirriti viljayfirlýsinguna um stofnun þessa leiguíbúðafélags með þeim fyrirvörum sem áður var lýst og koma fram í yfirlýsingunni.

Samþykkt með 14 atkvæðum gegn 1.

#### 4. Staða kjaramála

Ólafía Björk hóf mál sitt á því að segja frá því að ASÍ hyggist bjóða aðildarfélögum sínum til stefnumóts til að undirbúa nýtt kjarasamningalíkan og verður stefnumótið haldið í Hörpunni, Reykjavík, laugardaginn 7. maí nk. kl. 10:00 – 16:00. Alls munu 500 einstaklingar taka þátt í fundinum frá öllum helstu samtökum á íslenskum vinnumarkaði, bæði samtökum launafólks og atvinnurekenda.

VR hefur verið úthlutað 44 sætum af þeim 360 sem ætluð eru samtökum launafólks. Þar sem um takmarkaðan fjölda sæta er að ræða munu þeir fyrstu sem hafa samband fá sætin og lét hún lista ganga þar sem stjórnarmenn gátu merkt við hyggist þeir sækja þennan fund.

Til undirbúnings verður svo haldinn sérstakur fundur þann 27. apríl fyrir væntanlega þátttakendur á stefnumótinu miðvikudaginn 27. apríl nk., kl. 13:00 – 15:00 á Hilton Nordica hótelinu. Fundinum verður jafnframt varpað út á netið í fjarfundarbúnaði fyrir fulltrúa okkar utan af landi.

Þá ræddi hún næst stuttlega stöðuna í deilunni við ÍSAL en þar hefur lítið breyst. Elías hefur unnið þetta fyrir okkar hönd en við eigum 13 félagsmenn hjá fyrirtækinu sem ekki eru almennt hlyntir því verkfalli sem nú er í gangi. Staðan er því nokkuð þröng hvað okkur varðar.

Fundir í stjórn VIRK hafa verið undanfarið þar sem verið er að klára uppgjör fyrir aðalfund.

Fundur í lífeyrisnefnd vegna kjarasamninga var í morgun og voru þar kynnt áhrif af valfrjálsri ráðstöfun 3,5% hækkunar lífeyrisiðgjalds. Það er hennar mat að fólk vilji almennt velja það sjálft hvernig hækkuninni er ráðstafað. Kemur í ljós að ekki er mikil áhætta fólgin í því ef t.d. helmingur velur að setja hækkunina í séreignarhlutann samkvæmt tryggingarstærðfræðingi sem mætti á fund þeirra í morgun. Allt er svo í vinnslu – líka stjórnkerfi lífeyrissjóða t.d. er umræða um að fækka sjóðum, breyta ábyrgð ofl.

Nokkrir fundir hafa verið haldnir með Eygló ráðherra félags- og húsnæðismála og aðrir fundir þar sem farið er yfir þau atriði sem þarf til að kjarasamningar haldi t.d. um vinnutímaákvæði, starfsmenntamál ofl.

## 5. Tillaga launanefndar vegna stjórnarlauna

Birgir Már sagði frá vinnu launanefndar við að stilla upp tillögu um stjórnarlaun og sagði hann að þau hefðu tekið mið af umræðum um málið á síðasta stjórnarfund. Tillaga þeirra er eftirfarandi:

*„Tillaga um stjórnarlaun sem lögð verður fyrir  
aðalfund VR 2016*

*Stjórnarlaun hækki um 6,2% og verði 43.669 kr. á mánuði. Fyrsti varamaður fái sömu stjórnarlaun eins og aðalmenn í stjórn VR aðrir varamenn fái 21.835 kr. fyrir hvern setinn stjórnarfund, en þó aldrei meira en laun sem aðalmaður fengi. Tillaga að formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR, formaður Orlofsstjórnar VR og varaformaður stjórnar VR fái 1,5 stjórnarlaun á mánuði. Tillaga að framvegis hækki/lækki stjórnarlaun miðað við launavísitölu VR.“*

Umræður.

Í umræðum lagði Benóný Valur fram þá breytingartillögu að til viðbótar komi einnig 5000 kr. greiðsla mánaðarlega fyrir setu aðalmanna í framkvæmdastjórn sjúkrasjóðs, stjórn orlofssjóðs og í starfsmenntanefnd VR en að varamenn fengju kr. 2500.

Umræður.

Ólafí Björk óskaði nú eftir að fá samþykki fundarmanna til þess að framlengja fundi til kl. 20:45.  
Samþykkt.

Umræður.

Í umræðum dró Benóný Valur tilbaka ofangreinda breytingartillögu sína.

Umræður.

Í umræðum lagði Ingibjörg Ósk til að tekin sé saman mæting og fundarseta stjórnarmanna í nefndum og það birt í ársskýrslu hverju sinni. Ólafía Björk óskaði eftir að þessi tillaga Ingibjargar yrði færð til bókar og þetta verði skoðað.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ólafía Björk upp tillögu launanefndar og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## 6. Tillögur stjórnar fyrir aðalfund VR 29. mars 2016

Ólafía Björk lagði nú fram skjalið “*Minnisblað – tillögur fyrir aðalfund VR 2016*“ dags. 9. mars 2016 og brá efni þess á skjá og las upp en tillögurnar eru eftirfarandi:

### **Fundarstjóri:**

Guðmundur B. Ólafsson

### **Fundarritari:**

Árni Leósson

### **Tillaga um framlag í Varasjóð:**

Tillaga um framlag í Varasjóð 550.000.000 kr. fyrir árið 2015 auk viðbótarframlags að upphæð 8.792.286 vegna aukakaupa.

### **Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu:**

Tillaga að endurskoðunarskrifstofan Deloitte hf. sjái um endurskoðun félagsins fyrir reiknisárið 2016.

**Kosning á skoðunarmönnum:**

Tillaga um Jóhönnu S. Rúnarsdóttur og Benedikt Vilhjálmsson sem skoðunarmenn VR. sbr. 27.gr. laga VR.

**Tillaga um félagsgjald:**

Tillaga um að félagsgjald verði óbreytt, 0,7% af launum og lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skuli þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum 20 ára afgreiðslufólks frá og með sama tíma.

**Tillaga um stjórnarlaun:**

Tillaga frá launanefnd.

Umræður urðu um liðinn kosning löggilts endurskoðanda og var ákveðið að þetta yrði síðasta árið sem þetta væri svona en að næst yrði þetta boðið út og svo á 5 ára fresti.

Þá lagði Ólafía Björk næst fram skjalið „*Minnisblað - Tillaga um veitingu gullmerkis VR 2016*“ dags. 9. mars 2016 og fór yfir efni þess. Það er tillaga hennar að stjórn VR sæmi þau Elínu Elíasdóttur og Val M. Valtýsson gullmerki VR á komandi aðalfundi félagsins í samræmi við 8.gr. laga VR. Bæði eiga þau langa sögu í félaginu og mikið og farsælt starf að málefnum þess bæði í trúnaðarráði, stjórn og ýmsum nefndum.

Að þessu loknu bar Ólafía Björk upp til samþykktar allar þessar tillögur og voru þær samþykktar samhljóða.

Fundi var slitið kl. 21:06  
Árni Leósson, fundarritari

